



Til bæjarráðs

Kópavogi, 2. janúar 2023

2212264/102.27 Sp

### **Varðar: Styrkbeiðni frá Okkar heim vegna fjölskyldusmiðja**

Á fundi bæjarráðs Kópavogsbæjar þann 15. desember 2022 var erindi Okkar heims er varðar styrkbeiðni til reksturs fjölskyldusmiðja vísað til umsagnar velferðarsviðs. Líkt og fram kemur í erindi Okkar heims er um að ræða styrkbeiðni að upphæð 1.000.000 m.kr. til áframhaldandi reksturs fjölskyldusmiðja sem hafa verið starfræktar frá árinu 2021 og gengið vonum framar. Fjölskyldusmiðjurnar hafa verið haldnar mánaðarlega og eru fjölskyldum að kostnaðarlausu.

Okkar heimur er stuðningsúrræði sem er ætlað að mæta börnum og forsjáraðilum þeirra með geðrænan vanda og geðsjúkdóma og var sett á laggirnar til þess að stuðla að vitundarvakningu um mikilvægi þess að börn foreldra með geðrænan vanda fái viðeigandi stuðning og fræðslu þar sem skortur hefur verið á utanumhaldi um þennan hóp barna hér á landi. Mikilvægt er að koma í veg fyrir kynslóðaflutninga af geðrænum og/eða félagslegum vanda en erlendar rannsóknir hafa sýnt að allt 70% barna sem alast upp með foreldri með geðrænan vanda munu sjálf þróa með sér geðræn vandamál seinna á lífsleiðinni fái þau engan stuðning.

Okkar heimur leggur áherslu á að byggja upp seiglu hjá börnum, þau átti sig á að þau séu ekki ein í þessari stöðu, fái útskýringar á vanda foreldra sinn og hafi hlutlausan fullorðin aðila til að tala við. Með þessu er verið að efla verndandi þætti, auka sjálfstraust, bæta samskipti við foreldra og draga úr hræðslu, skömm og félagslegri einangrun.

Haldnar eru Fjölskyldusmiðjur annars vegar fyrir börn 6-16 ára og hins vegar fyrir foreldra á sama tíma. Þar gefst tækifæri til að ræða í öruggu umhverfi við aðra í svipaðri stöðu og fá fræðslu um geðrænan vanda, deila reynslu sinni í gegnum umræður, leiki og leiklist og ræða hvaða áhrif geðsjúkdómur foreldris getur haft á aðra í fjölskyldunni. Auk þess er metnaðarfullur stuðningur við skólaumhverfi barnanna og þá sérstaklega kennara að þeir séu vakandi fyrir stöðu þessara barna, gefi þeim tíma og skilning ásamt því að vinna við að draga úr fordómum. Mikilvægt er að allir sem koma að málefnum barna og fjölskyldna séu meðvituð og upplýst um stuðningsþarfir sem börn sem eiga forsjáraðila með geðrænan vanda þurfa á að halda og börnum sé mætt í samræmi við það.

Allt starf Okkar heims er unnið í samstarfi við OurTime sem eru góðgerðasamtök í Bretlandi sem eru leiðandi í starfi fyrir börn foreldra með geðrænan vanda þar í landi og hafa verið starfandi í 21 ár. Ákveðið var að innleiða hugmyndafræðina og þróa verkefnið áfram en það er sprottið upp af mikilli þörf á úrræðum fyrir börn foreldra með geðrænan vanda. Mikill skortur hefur verið á þekkingu og fræðslu til þess að mæta sem best hópi barna sem eiga forsjáraðila sem glíma við geðsjúkdóma.



Teymi Okkar heims samanstendur af framkvæmdastjóra sem hafði sjálf reynslu af því að alast upp hjá foreldri með geðsjúkdóm, félagsráðgjafa, auk fleiri aðila og sjálfboðaliða en að baki Okkar heim er faglegur stýrihópur sem hefur aðstoðað við innleiðingu og hugmyndafræði verkefnisins.

Velferðarsviðs Kópavogsbæjar telur brýnt að það frábæra og metnaðarfulla starf sem unnið er hjá Okkar heim fá tækifæri til þess að dafna áfram, breiða út boðskapinn og vekja athygli á stöðu barna hér á landi sem ekki er á allra vitorði og eiga skilið sinn málssvara þar sem þeirra rödd og þeirra heimur, fái að heyrast og sjást. Mikilvægt er að huga jafnframt að því þjónusta Okkar heims geti nýst sem 1. og 2. stigs þjónusta fyrir börn um allt land þar sem annað eða báðir foreldrar eru með geðsjúkdóm.

Góð þjónusta með markvissum forvörnum og snemmtækum stuðning við fjölskyldur margborgar sig til lengri tíma og er því í fullu samræmi við markmið og tilgang laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Heilbrigðisráðuneytið og Mennta- og barnamálaráðuneytið hafa jafnframt ákveðið að styrkja Okkar heim með gerð samnings út árið 2023 sem lið í því að auka snemmtækan stuðning við barnafjölskyldur.

Undirrituð tekur því jákvætt í beiðni Okkar heims um styrkveitingu.

Virðingarfyllst,

---

Sigrún Þórarinsdóttir  
Sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar